

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1148/2005

2008/EES/45/17

frá 15. júlí 2005

um breytingu á I. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarks magn leifa dýrallyfja í matvælum úr dýraríkinu að því er varðar peneþamat (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 frá 26. júní 1990 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarks magn leifa dýrallyfja í matvælum úr dýraríkinu ⁽¹⁾, einkum 2. gr.,

með hliðsjón af álitum Lyfjastofnunar Evrópu sem nefndin um dýrallyf setur fram,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Öll lyfjafræðilega virk efni, sem notuð eru innan Bandalagsins í lyf fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til mannelis, skulu metin í samræmi við reglugerð (EBE) nr. 2377/90.
- 2) Peneþamat hefur verið skráð í I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2377/90 fyrir vöðva, fitu, lifur og nýru úr nautgripum og svínunum ásamt mjólk, en aðeins úr nautgripum. Færslan skal rýmkuð þannig að hún gildi um allar spendýrategundir sem gefa af sér afurðir til mannelis.

3) Breyta ber reglugerð (EBE) nr. 2377/90 til samræmis við það.

4) Veita skal nægilegan frest áður en reglugerð þessari er beitt svo að aðildarríkin fái svigrúm til að gera þær breytingar, sem kunna að vera nauðsynlegar í ljósi þessarar reglugerðar, á markaðsleyfum sem hafa verið veitt í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/82/EB frá 6. nóvember 2001 um Bandalagsreglugerð um dýrallyf ⁽²⁾.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýrallyf.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2377/90 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá 14. september 2005.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. júlí 2005.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Günter VERHEUGEN

varaforseti.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 185, 16.7.2005, bls. 20. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 24/2006 frá 10. mars 2006 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 28, 1.6.2006, bls. 9.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 224, 18.8.1990, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 869/2005 (Stjtið. ESB L 145, 9.6.2005, bls. 19).

⁽²⁾ Stjtið. EB L 311, 28.11.2001, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2004/28/EB (Stjtið. ESB L 136, 30.4.2004, bls. 58).

VIDAUKI

Eftirfarandi efni er bætt við í I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2377/90:

1. Sýkingarlýf
- 1.2. Sýklalyf
- 1.2.1. Penisillín

Lýfjatæðilega virk(t) efni	Leifamerki	Dýrategund	Hámarksigliði leifa	Markvefir
„Penebamat	Bensýlpenisillín	Öll spendýr sem gefa af sér afurðir til manneldis	50 µg/kg 50 µg/kg 50 µg/kg 50 µg/kg 4 µg/kg	Vöðvi Fita Lifur Nýru Mjólk*